



FLE stefna og markmið 2024 - 2026

Megintilgangur félagsins

Gæta hagsmuna
félagsmanna, styðja við
faglega þróun og nýliðun
stéttarinnar, efla
skoðanaskipti og auka
sýnileika ásamt því að bæta
ásýnd stéttarinnar

Megin markmið

Eftirsóknarvert að vera
endurskoðandi og störf
þeirra mikilsmetin í
samfélaginu

Ná því fram með:

- Markmiðum og verkefnaáætlun
- Greiningu á þörfum og áhrifum haghafa sem eru: félagsmenn, eftirlitsaðilar, stjórnarsýsla, nemendur og háskóli, viðskiptalífið
- SVOT greiningu
- Greiningu á breytingum í umhverfinu eins og lagaumhverfi, tækniumhverfi, efnahagsumhverfi, umhverfismál
- Samskiptum við haghafa
- Árangursríku samstarfi
- Faglegum stuðningi
- Öflugri miðlun upplýsinga



Gildi FLE

- ✓ Óhæði
- ✓ Heilindi
- ✓ Traust

Megináhersluatriði

- Eftirsóknarvert að vera endurskoðandi (markaðsmál)
- Hagsmunagæsla, (CSRD, skil á ársreikningum, skil á framtölum, lagabreytingar, samskipti við ráðuneyti, skattayfirvöld, endurskoðendaráð ofl.)
- Fagleg þróun stéttarinnar (fræðsla, upplýsingagjöf, greinar, námskeið, tækniþróun, gervigreind)
- Sýnileiki út á við og inn á við (regluleg fréttabréf, uppfæra heimasíðu, samfélagsmiðlar, útgáfa ofl.)
- Ásýnd, virðing og mikilvægi stéttarinnar (samskipti við viðskiptalífið)
- Halda úti öflugu félagsstarfi

Eftirsóknarvert að vera endurskoðandi (1)

Dregið hefur úr ásókn í stéttina og námið ásamt því að fjöldi nýrra endurskoðenda heldur ekki í við stækkun viðskiptalífsins, auknar kröfur og fækkun í stéttinni.

FLE stuðlar að því að það sé eftirsóknarvert að vera endurskoðandi með því að:

Markaðsáttak og endurmörkun

- Samstarf við systurfélög FLE á norðurlöndunum um markaðsáttak til að laða að fólk í stéttina
- Samstarf við Valdimar prófessor í markaðsfræðum við HR um endurmörkun og markaðsáttak
- Auka sýnileika í gegnum miðla, fréttir, greinar, heimsóknir í háskóla ofl.
- Uppfæra heimasíðu, logo, útlit á öllu efni eins og glærum ofl.
- Auka sýnileika félagsmanna á LinkedIn og hvetja til greinaskrifa ofl.
- Vinnufundur með félagsmönnum til að breyta viðhorfi félagsmanna á stéttinni – markþjálfun

Eftirsóknarvert að vera endurskoðandi (2)

Menntun og námið

- Ræða við ráðuneyti, ráðherra, endurskoðunarráð/prófnefnd um löggildingarkröfur og próf og hvaða breytingar hægt sé að gera á fyrirkomulaginu
- Samstarf við háskóla um framhaldsnám í reikningsskilum og endurskoðun
- Kynna námið fyrir nemendum viðskiptafræði í háskóla
- Fræðsla á heimasíðu, t.d. myndbönd o.fl. viðtal við endurskoðendur sem segja hvað þeir séu að gera og af hverju þetta sé skemmtilegt og gefandi starf
- Fræðsla á heimasíðu um hvað endurskoðandi gerir (myndbönd)
- Ná til fólks með aðra menntun að það fari í meistaranám í endurskoðun og reikningsskilum
- Skoða hvernig fyrirkomulag á starfsnámi BS nema sé háttað og stuðla að því að fleiri fari í starfsnám í endurskoðun
- Kynning á náminu á heimasíðu félagsins

Hagsmunagæsla

- Hagsmunagæsla, (CSRD, skil á ársreikningum, skil á framtölum, laga breytingar o.fl.)
 - Áritun ríkisendurskoðanda
 - Erum með fulltrúa í innleiðingarhópi ráðuneytisins á CSRD
 - Umsögn um frumvarp tengt CSRD innleiðingu
 - Fundir með ráðuneyti og ársreikningsskrá um skil á framtölum
 - Samantekt á tillögum um breytingar á lögum um ársreikninga
 - Samantekt á tillögum um breytingar á lögum og reglugerðum þar sem skýra þarf hvað átt sé við með því þegar krafist er endurskoðunar eða staðfestingar
 - Fundir með ráðuneytinu um breytingu á lögum um ársreikninga og fl.
 - Fundir með skattinum um skattframkvæmd og skil á framtölum
 - Hvaða staðlar munu eiga við staðfestingu á sjálfbærniupplýsingum

Fagleg þróun stéttarinnar

- Framtíð endurskoðunar
 - Fylgjast með þróuninni í gegnum NRF, Accountancy Europe og IFAC
 - Samskipti við háskóla um mótun kennslu í endurskoðun og reikningsskilum og meðal annars horfa til gervigreindar, sjálfbærni og staðal um endurskoðun einfaldari félaga (LCE)
 - Fræðsla til félagsmanna um gervigreind og áhrif hennar á endurskoðun, reikningsskil og skattskil
 - Sjálfbærni, fræðsla til félagsmanna
 - LCE, fræðsla til félagsmanna
 - Viðburðir fyrir félagsmenn sem eru komnir á eftirlaun
 - LinkedIn fræðsla til félagsmanna til að auka sýnileika endurskoðenda

Sýnileiki út á við og inn á við

- Sýnileiki út á við og inn á við (regluleg fréttabréf, uppfæra heimasíðu, samfélagsmiðlar, greinar og fréttir á heimasíðu o.fl.)
 - Félagið sendi út regluleg fréttabréf í tölvupósti og á heimanetinu
 - Reglulegar fréttir og greinar á heimasíðu FLE og samfélagsmiðlum
 - Heimasíðan verði uppfærð og allt efni á henni yfirfarið reglulega
 - Nýta sér fjölbreytta miðla
 - Ná til viðskiptasamfélagsins, félagsmanna, háskólasamfélagsins, ungs fólks
 - Fjölbreytt námskeiðshald og fjölbreyttar ráðstefnur
 - Funda með hagsmunaaðilum, endurskoðunarstofum og félagsmönnum utan stofa
 - Reglulegir umræðufundir með félagsmönnum
 - Fræðsla út á markaðinn um mismunandi tegundir staðfestinga
 - Efla félagsmenn í að nota LinkedIn (LinkedIn námskeið fyrir félagsmenn)



Halda úti öflugu félagsstarfi

- Félagslíf (viðburðir þar sem félagsmenn fá tækifæri til að mynda tengsl)
- Halda áfram með fasta árlega viðburði sem og tilfallandi
- Viðburðir án streymis þar sem fólk hittist
- Móttaka á skrifstofu félagsins
- Heimsóknir til fyrirtækja þar sem félagsmenn vinna og taka á móti félagsmönnum og kynna reksturinn



Innlent samstarf

- Samstarfshópur með Skattinum
- Samstarfshópur með reikningsskilaráði og ársreikningaskrá
- Samstarf við ársreikningaskrá
- Markaðsráð háskólanna
- Samstarf með endurskoðendaráði
- Samstarf með viðeigandi ráðuneyti
- Samstarf við viðskiptalífið

Erlent samstarf

- NRF stjórn
- NRF fundir framkvæmdastjóra
- IFAC
- Accountancy Europe
- IAASB Board
- Nordic Sustainability Working Group
- Nordic Exchange Network on Attractiveness of the Profession
- Nordic project groups